

Fréttir á vefmiðlum: Hraði á kostnað gæða?

Rannsókn á vefmiðlum Morgunblaðsins og Ríkisútvarpsins með
málfar og stafsetningu fréttamanna í brennidepli

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

B.A. gráðu í fjölmiðlafræði

Félagsvísindasvið

Maí 2017

Fréttir á vefmiðlum: Hraði á kostnað gæða?

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir

6 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði

Leiðbeinandi:
Sigrún Stefánsdóttir

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, 8. maí 2017

Fréttir á vefmiðlum: Hraði á kostnað gæða?

Stuttur titill: Fréttir á vefmiðlum

6 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði

Höfundarréttur © 2016 Ingibjörg Bergmann Bragadóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir, 2017, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 39 bls.

Prentun: Pedromyndir Akureyri

Akureyri, 08. maí, 2017

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsóknar.

Ingibjörg Bergmann Bragadóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til BA-prófs við Hug- og félagsvísindasvið

Sigrún Stefánsdóttir

Útdráttur

Þessi ritgerð er lokaverkefni til B.A. gráðu í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Í ritgerðinni er gert því skil hvort að hraði fréttar hafi meira vægi en gæði við gerð fréttar á vefmiðlum með áherslu á málfar og stafsetningu fréttamanna.

Í fyrri hluta ritgerðarinnar er farið yfir þá fræðilegu þætti sem tengjast og styðja við rannsóknina í seinni hlutanum. Þar er farið yfir þróun fjölmiðla, skilgreiningar og hlutverk vefmiðla, auglýsingar á vefmiðlum, málfar fréttamanna, hraðan í vefmiðlum, sögu Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins.

Í seinni hluta ritgerðarinnar er farið yfir rannsókn höfundar á vefmiðlunum www.mbl.is og www.ruv.is, þar sem gæði og hraði miðlanna var borið saman. Þrjú fimmtudagar fóru í rannsóknina þar sem skoðaðar voru allar fréttir birtar á miðlunum tveimur, frá miðnætti til miðnættis. Tilgangurinn var að skoða ýmsa þætti í hverri einustu frétt, þ.e. orðafjölda, stafsetningar- og málfarsvillur, leiðréttingar, uppfæringar og hvort mikið efni væri endurrunnið úr öðrum miðlum, ss. ljósvakamiðlum og dagblöðum.

Markmið rannsóknarinnar var annars vegar að sýna fram á hvor miðillinn leggði meira upp úr gæðum fremur en hraða og hvort að auglýsingatekjur hefðu hugsanlega einhver áhrif á þessa þætti.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að ruv.is er vandaðri miðill skv. þeim gögnum sem aflað var.

Abstract

This essay is a final essay towards a B.A. degree in media studies from the University of Akureyri. The essay aims to shed light on whether the speed with which a news story is written is valued more than the quality of the work when it comes to digital media, with emphasis on how well the journalists use grammar and spelling.

The first part of the essay covers the theory connected to and supporting the research in the latter half. That includes media development, definitions and the role of digital media, advertisements in digital media, how journalists use language, the speed of digital media, the history of The Icelandic National Radio and the newspaper Morgunblaðið.

The latter half of the essay deals with the author's research on the digital media outlets www.mbl.is and www.ruv.is, where the quality and speed of news stories were compared.

The author read every story published by the two media outlets, on three consecutive Thursdays. The purpose was to examine different factors in each story, e.g. the number of words, grammatical and spelling errors, corrections, updates and whether many stories were being recycled from other media outlets, such as television and newspapers.

The purpose of the research was to show which of the two media outlets valued quality above speed and whether advertising revenue possibly affected these factors.

The research concluded that [ruv.is](http://www.ruv.is) had more quality overall according to the data collected.

Þakkir

Þessi ritgerð er 6 eininga lokaverkefni til B.A. gráðu í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Leiðbeinandi var Sigrún Stefánsdóttir. Henni vil ég þakka gott samstarf og nytsamlegar ráðleggingar við gerð ritgerðarinnar. Einnig vil ég þakka Tómasi Michael Reynissyni hjálplegar ráðleggingar við tölfræðiúrvinnslu rannsóknarinnar.

Auk þess vil ég þakka Braga V. Bergmann fyrir yfirllestur á ritgerðinni og ómetanlegar ráðleggingar við gerð hennar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Fræðilegt yfirlit	3
2.1 Fjölmíðlar	3
2.2 Vefmiðlar.....	4
2.3 Auglýsingar á vefmiðlum/smellistraumar	5
2.4 Málfar fréttamanna	7
2.5. Hraði vefmiðla: Hafa annir áhrif á gæði fréttu?	9
2.6 Ríkisútvarpið – Rúv.....	10
2.7 Morgunblaðið – Mbl.....	11
2.8 Samkeppni vefmiðlanna	12
2.9 Samanburður MBL og RÚV.....	14
3. Aðferðafræði og framkvæmd rannsókna	15
4. Niðurstöður.....	17
4.1. Fjöldi fréttu og lengd þeirra	18
4.2. Villur.....	19
4.3. Leiðréttingar á fréttum eftir birtingu	22
4.4. Fréttir á vef endurunnar frá öðrum miðlum.....	23
5. Umræður og vangaveltur.....	25
5.1. Markmið rannsókna og niðurstöður	25
5.2. Samanburður miðlanna.....	27
5.3. Frekari rannsóknir.....	28
5.4. Ófyrirsjáanlegar niðurstöður.....	28
6. Heimildir	30
7. Viðaukar	34

Myndaskrá

Tafla 1: Notendur á vefmiðlunum mbl.is og ruv.is á þriggja vikna tímabili.....	14
Tafla 2: Fjöldi flettinga á mbl.is og ruv.is.....	14
Tafla 3: Fjöldi fréttu á tímabilinu.	18
Tafla 4: Heildarorðafjöldi fréttu á dag.....	19
Tafla 5: Villur bornar saman við orðafjölda.....	20
Tafla 6: Málfars- og stafsetningarvillur í flokkum.....	21
Tafla 7: Uppfærslur og leiðréttingar.....	23
Tafla 8: Hlutfall fréttu á mbl.is unnar úr Morgunblaðinu.	24
Tafla 9: Hlutfall fréttu á ruv.is unnar úr útvarpi og sjónvarpi.	24
Tafla 10: Verklag vefmiðla.	26
Tafla 11: Hvernig verklag vefmiðla ætti að vera.	26

1. Inngangur

Er það satt sem fólk segir að fjölmiðlar á netinu séu farnir að flýta sér svo mikið að þeir hafi ekki undan? Vefmiðlum landsins fer fjölgandi og upplýsingaþörf lesenda eykst með stöðugri netnotkun allan sólarhringinn. Þetta hefur aukið pressu á fjölmiðla til muna og þessi aukni hraði hlýtur að hafa einhver áhrif á afköst fréttamanna.

Vefmiðlar hafa verið harðlega gagnrýndir í samfélaginu fyrir að einblína á hraða fremur en vandvirkni, en er vandvirkni fréttamanna yfir höfuð mælanleg?

Þetta eru spurningarnar sem liggja til grundvallar í þessari ritgerð. Skilvirkasta leiðin til að skoða og greina þessa þætti er að rannsaka málfar og stafsetningu fréttamanna við vinnslu netfrétta. Þeir þættir gefa iðulega vísbendingu um hversu mikil alúð hefur verið lögð í úrvinnslu fréttanna.

Í augum fólks eru einstaka stafsetningarvillur eða málsfarsvillur á vefmiðlum eða öðrum ritum ekki alvarlegar. Ef fólk fer hins vegar að venjast því að lesa villur í fréttum og taka því sem gefnu að þær séu til staðar, hlýtur það að draga úr gæðum miðilsins. Ef sömu kröfur um málfar fréttamanna gilda um allar tegundir fjölmiðla, þá ættu gæði vefmiðla ekki að vera síðri eða minni vandvirkni lögð í úrvinnslu fréttanna. Í öðrum kafla er gerð grein fyrir þeim fræðum sem liggja að baki vefmiðla, málfari fréttamanna og auknum hraða í fjölmiðlun. Fræðin eru kynnt til þess að styðja við rannsókn höfundar í seinni hluta ritgerðarinnar, sem framkvæmd var á vefmiðlunum ruv.is og mbl.is.

Samanburður þessara miðla er í brennidepli rannsóknarinnar, en ástæðan fyrir valinu er sú að annar þeirra hefur auglýsingatekjur en hinn ekki. Vefmiðlar í dag eru langflestir reknir á auglýsingatekjum og í kjölfarið er markmið þeirra að fá sem flestar heimsóknir á síðuna daglega. Fleiri fréttir daglega gefa miðlinum fleiri heimsóknir og hærri auglýsingatekjur fyrir vikið. Andrew Currah telur að hlutverk og dómgreind ritstjóra á vefmiðlum sé ekki hægt að

treysta þegar þeir vita nákvæmlega hvað selur og hvað ekki (Currah, e.d.). Þannig gæti freistingin til að selja fleiri auglýsingar, með því að birta fleiri fréttir, orðið yfirsterkari því að vanda fréttirnar meira. Þess vegna var ákveðið að skoða hvort ruv.is væri undir minni áhrifum hraðans en mbl.is. Það var gert með því að skoða fréttir frá miðlunum innan ákveðins rannsóknartímabils og skrá niður orðafjölda í hverri frétt, málfars- og stafsetningarvillur, hversu margar fréttir eru leiðréttar eftir birtingu og hversu margar fréttir eru unnar upp úr öðrum miðlum miðlanna, s.s. ljósvakamiðla og dagblaðs.

Rannsóknartilgátan var sú að hraði fréttá sé settur framur gæðum við vinnslu veffrétta. Gæði fréttá hafa í þeim skilningi ekki með innihald fréttanna að gera sem slíkt, heldur er eingöngu horft til málfars og stafsetningar, því frétt getur vissulega verið góð þó svo að innsláttarvillur geri vart við sig. Til viðbótar voru settar fram fjórar tilgátur, sem lagðar voru fram um samanburð miðlanna. Þær voru að mbl.is birti að meðaltali færri fréttir á dag með meiri orðafjölda, að mbl.is hafi ríkari ástæðu til að birta fleiri fréttir vegna auglýsingatekna og birti því fleiri fréttir en ruv.is og með meiri orðafjölda. Báðir vefmiðlar hafa prófarkalesara eða málfarsráðunaut í fullu starfi og því var sett fram sú tilgáta að fáar eða engar villur myndu finnast í fréttunum. Einnig var sett fram sú tilgáta að ruv.is vinni fleiri fréttir úr útvarpi og sjónvarpi heldur en mbl.is úr Morgunblaðinu.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar er farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar og í fimmta kafla eru vangaveltur og umræður höfundar.

2. Fræðilegt yfirlit

2.1 Fjölmiðlar

Fólki hefur reynst erfitt að setja fram tæmandi skilgreiningu á fjölmiðli. Flestir telja sig vita hvað fjölmiðill er en það vefst þó fyrir mörgum nákvæmlega hvaða eiginleika fjölmiðill á að hafa. Menntamálaráðuneytið skilgreinir fjölmiðil sem:

Stofnun eða fyrirtæki, lögaðili, sem safnar, metur og setur reglulega fram upplýsingar í því skyni að dreifa þeim reglulega til umtalsverðs fjölda fólks á tilteknu svæði. Fjölmiðill getur notað ólíkar leiðir til að dreifa þeim upplýsingum sem hann aflar: Hann getur gert það á pappír sem dagblað eða tímarit, á ljósvakanum, í útvarpi eða sjónvarpi eða á Internetinu (Menntamálaráðuneytið, 2005, bls. 9).

Í orðabók Menningarsjóðs er fjölmiðill skilgreindur sem tæki til að dreifa upplýsingum til mikils mannfjölda á stóru svæði (blað, útvarp, kvikmyndir o.fl.) (Páll Sigurðsson, 1997). Af þessum skilgreiningum sést að hugtakið *fjölmiðill* er frekar vítt og alls ekki tæmandi.

Internetið boðaði byltingu í dreifingu efnis þegar notendur þess stóðu skyndilega frammi fyrir fjölmörgum möguleikum í sköpun á efni og auknum tækifærum til að dreifa því efni enn víðar en áður (Picard, 2000: 61). Þessi auknu tækifæri sem netið hafði í för með sér hefur haft mikil áhrif á fjölmiðla og starfsemi þeirra. Þannig hafa þeir sífellt þurft að laga starfsemi sína að þessu breytilega sniði og það hafa lesendur þeirra þurft að gera líka (Kung o.fl. 2008: 2). Þorsteinn Ásgrímsson, aðstoðarfréttastjóri mbl.is, nefnir dæmi þessum breytingum til stuðnings og telur að þær eigi eftir að verða meiri á komandi árum.

Því hefur ítrekað verið spáð undanfarin ár að prentmiðlar muni gefa upp öndina fyrir vefmiðlum, en þeir virðast samt áfram halda sjó og hér á Íslandi nokkuð sterkar en t.d. víða erlendis. Líklega verður einhver breyting þar á, en mér finnst ólíklegt að prentmiðillinn muni hverfa. Aftur á móti tel ég líklegt að vefmiðlar muni styrkjast, líkt

og verið hefur undanfarin 10 ár. Í dag er t.d. talsvert auðvelt að senda beint frá viðburðum með litlum tilkostnaði og slíkt gæti aukist á næstu 5 árum. (Þorsteinn Ásgrímsson, munnleg heimild, 10. apríl 2017).

Samantekt fjölmiðlanefndar um skiptingu birtingarfjár milli fjölmiðla frá árinu 2014 sést hvaða tegund miðla fær mesta fjármagnið, en birtingarfé er það fjármagn sem fyrirtæki verja til birtinga á auglýsingum í fjölmiðlum. Þar voru prentmiðlar enn þá með stærsta bita auglýsingakökunnar, eða 37%. Sjónvarp hlaut þá 29,1% birtingarfjár, útvarp 15,8% og vefmiðlar 15,6% (Fjölmiðlanefnd, 2015). Þess ber þó að geta að þessar upplýsingar eru þriggja ára gamlar en engin sambærileg úttekt hefur verið gerð síðan. Í ljósi hraðrar þróunar fjölmiðla á Íslandi á síðustu árum má draga þá ályktun að þessar tölur hafi eitthvað breyst.

2.2 Vefmiðlar

Ekki geta þeir allir farið að vinna á bensínstöð þegar hinir hefðbundnu, gömlu fjölmiðlar leggja upp laupana. Allt á eftir að enda á netinu en það þýðir ekki endilega að þeir eigi eftir að njóta eldanna sem fyrstir kveiktu þá.

Þetta sagði blaðamaðurinn Eiríkur Jónsson (2013) um hraða þróun fjölmiðla á netinu og vísaði í skáldið frá Fagraskógi um leið. Fjölmiðlageirinn tekur sífelldum breytingum og óstöðugleikinn er talsverður. Nýir miðlar ryðja sér til rúms og aðrir miðlar hætta. Netmiðlar eiga stóran þátt í þessum óstöðugleika og hafa í raun gerbreytt fjölmiðlum með komu sinni (Íslensk málnefnd, 2009).

Á síðustu áratugum hafa nær allir fjölmiðlar landsins fært starfsemi sína alfarið, eða að hluta, á netið. Auk þess hafa margir nýir fjölmiðlar hafið starfsemi eingöngu á netinu. Ástæðan er líklega sú að árið 2014 mældi Hagstofa Íslands að 98,2% þjóðarinnar væru nettengd (Hagstofa Íslands, e.d.)

Í skilgreiningu Menntamálaráðuneytisins á rafrænum ritmiðli segir:

„Rafrænn ritmiðill er fjölmiðill sem miðlar ritefni með rafrænum hætti svo sem

internetútgáfur dagblaða og tímarita, dagblöð og tímarit sem dreift er með tölvupósti og aðrir internetmiðlar.“ (Menntamálaráðuneytið, 2009, bls. 4).

Í annarri víðari skilgreiningu á fréttamiðli segir að sá sem sérhæfir sig í að birta fréttir á netinu geti með réttu kallað sig fréttamiðil eða vefmiðil, en fréttá- eða vefmiðlum má skipta í þrjá flokka samkvæmt rannsóknarritgerð Chung o.fl. (2010) um vefmiðla:

Í fyrsta flokki eru miðlar sem eru netútgáfur af prentuðum dagblöðum sem birta þó einnig sjálfstæðar fréttir. Í öðrum flokki eru sjálfstæðir miðlar sem tengjast ekki öðrum miðlum á einn eða annan hátt. Í þriðja flokki eru miðlar þar sem sérstök ritstjórn sér ekki um fréttaskrif heldur er miðillinn með eins konar samantekt fréttá af öðrum fréttamiðlum (Chung o.fl. (2010)). Sem dæmi um íslenska miðla sem falla undir kenningu Chung o.fl. eru: mbl.is í fyrsta flokknum, í öðrum flokknum nutiminn.is og Fréttaveitan, snjallsíma-appið er dæmi um þriðja flokkinn. Ruv.is er ekki hægt að setja í þessa flokka, nema þá ef skilgreining fyrsta flokksins væri aðeins víðari, þ.e. ekki bara netútgáfur af dagblöðum heldur einnig ljósvakamiðlum. Í þessari ritgerð verður notast við skilgreininguna *vefmiðill* þegar fjallað verður um miðlana tvo; Ríkisútvarpið og Morgunblaðið, eða ruv.is og mbl.is.

Flestir vefmiðlar í dag fá tekjur sínar nær eingöngu af auglýsingum. Í næsta kafla verður fjallað um auglýsingar á vefmiðlum.

2.3 Auglýsingar á vefmiðlum/smellistraumar

Í grein Tamöru Witschege og Gunnar Nygren frá 2009 er sagt að fjölmiðlun megi skipta í tvennt, annars vegar það sem blaðamaður telur mikilvægt að lesendur þurfi að lesa og hins vegar það sem blaðamaður heldur að lesendur vilji lesa. Þau telja að seinni þátturinn fái sífellt meira vægi en sá fyrri vegna þess að blaðamenn í dag viti nákvæmlega hvaða fréttir eru mikið lesnar og hverjar ekki. Þar af leiðandi viti blaðamenn nákvæmlega hvað selur, sem er gjörólíkt því sem áður var, þegar blaðamenn réðu alfarið efni blaðsins og voru ekki í miklum samskiptum við lesendur (Witschege og Nygren, 2009).

Smellistraumar, er íslenskt hugtak yfir það sem tölvunotandi smellir á með músinni þegar hann vafrar um á internetinu. Notandinn fer inn á hinar ýmsu síður og smellir á mismunandi glugga, sem aftur skilur eftir sig eins konar rafræna slóð. Þessari slóð er hægt að fylgja og þar af leiðandi sjá hversu lengi notandinn hefur verið inni á tiltekinni síðu, hvað hann smellti á inni á síðunni o.s.frv. Með þessu móti geta eigendur vefmiðla séð nákvæmlega hvað er vinsælt, hvað höfðar til neytandans og hver eftirspurnin er. Eigendurnir geta jafnframt gefið auglýsendum nokkuð nákvæmar tölur um hversu oft auglýsingin þeirra yrði skoðuð, skyldu þeir kaupa auglýsingu á miðlinum (Ragnhildur Lára Finnsdóttir, 2010).

Andrew Currah telur að ekki sé hægt að treysta hlutverki og dómgreind ritstjóra á vefmiðlum, því þeir viti nákvæmlega hvað selur og hvað ekki (Currah, e.d.). Þannig gæti freistingin til að selja fleiri auglýsingar, með því að birta fleiri fréttir, orðið yfirsterkari því að vanda fréttirnar meira.

Smellibeita (*click-baits*) er einnig mikilvægur þáttur í auglýsingatekjum vefmiðla. Þegar blaðamenn semja fyrirsagnir þurfa þeir að spyrja sig: Hvað fær lesendur til þess að smella á fréttina? Ef lesendur ýta ekki á fréttina, fær vefmiðillinn minni smellistraum, lægri lesendatölur og selur því færri eða ekki eins dýrar auglýsingar (Jonas Nygaard Bloom, Kenneth Reinecke Hansen (2014). Því hafa vaknað spurningar um hvort vinnubrögð fréttamanna á vefmiðlum stjórnist af smellistraumnum og kröfur hans um hraða eða hvort vönduð vinnubrögð séu höfð í fyrirúmi.

Í íslenskum hluta norrænnar könnunar, sem lögð var fyrir nemendur í blaða- og fréttamennsku og fjölmiðlafræði, var reynt að kortleggja viðhorf og afstöðu nemenda í faginu til blaðamennskunnar. Nemendurnir voru spurðir hvaða eiginleikar væru mikilvægir hjá blaðamanni og þar skoraði góð málkennd og hæfileiki til að orða hluti 98% og nákvæmni og vandvirkni fékk 100%. Einungis dugnaður og vinnuhraði, sem og þekking á samfélaginu, mældust álíka há. (Birgir Guðmundsson og Valgerður Jóhannsdóttir, 2014).

Ein skilvirkasta leiðin til að sjá hversu vel fréttamenn vanda sig við úrvinnslu fréttar er að skoða málfar þeirra og stafsetningu.

2.4 Málfar fréttamanna

„Margir telja að með auknum hraða og samkeppni um að vera fyrstur með fréttirnar hafi málfari hrakað í fjölmiðlum.“ (Íslensk málnefnd, 2009)

Íslensk málstefna var samþykkt árið 2009 þar sem kveðið var á um að íslenskir fjölmiðlar ættu að setja sér málstefnu undir lok þess árs. Í málstefnunni er að finna greinargerð um samspil fjölmiðla og íslenskrar tungu. Forsendan sem íslensk málnefnd gefur sér fyrir því að fjölmiðlar eigi að setja sér málstefnu er sú að nefndin telur mikilvægt að hugsað sé vel um íslenska tungu í starfi fjölmiðlafólks. Ástæðan sé sú að fjölmiðlafólk gegni talsvert stóru hlutverki í þróun tungumálsins og endurspegli gjarnan stöðu íslenskrar tungu hverju sinni. Á fjölmiðlum hafi starfsfólki fjölgað gríðarlega og fjölmiðlahópurinn því orðin mun fjölbreyttari með tilliti til menntunar og starfsreynslu. Þessi fjölgun og óstöðugleiki fjölmiðlafyrirtækja geri það að verkum að meðferð íslenskrar tungu í fjölmiðlum nái ekki að skapa sér festu (Íslensk málnefnd, 2009).

Samkvæmt Hannesi Hólmstein Gissurarsyni, sagnfræðingi og lektor við Háskóla Íslands, er gott mál samkomulagsatriði:

„Hvað er gott mál? Svarið er, að það er samkomulagsatriði. En það er ekki samkomulagsatriði innan eins hóps málfræðinga á einum tíma, heldur miklu frekar milli margra kynslóða. Venjan sker úr um hvað er gott mál“ (Hannes Hólmsteinn Gissurason, 1989).

Í skýrslu Björns Gíslasonar o.fl. á vegum Íslenskrar málnefndar um fjölmiðla og listir kemur fram að vinnuhópurinn telur hugarfarsbreytingu hjá fjölmiðlamönnum og auglýsingasmiðum mikilvæga hvað varðar ábyrgð á meðferð íslensks máls, frekar en að koma ábyrgðinni yfir á prófarkalesara eða málfarsráðunauta. Nefndin segir það sérstaklega mikilvægt þegar kemur að

vefmiðlum þar sem hraði er mikill og lítið ráðrúm til yfirlstrar (Björn Gíslason o.fl. 2008).

Nú er það mikilvægara en áður að fréttamenn sýni ábyrgð í meðhöndlun íslenskrar tungu þar sem fæstir miðlar landsins eiga kost á því að hafa prófarkalesara eða málfarsráðunaut í fullu starfi (Björn Gíslason o.fl. 2008). Einnig vegna þess að starf fréttamanns gerir mun fjölþættari kröfur en áður til þeirra sem það stunda og meðal þeirra krafna er að fréttamenn hafi gott vald á tungumálinu (Tamara Witschege, Gunnar Nygren, 2009).

Bragi V. Bergmann, prófarkalesari, segir að mjög algengar villur hjá fólki séu svo kallaðar innsláttarvillur, þar sem stöfum er víxlað, stafi vantar, eða stöfum er ofaukið. Þessar villur eru misalvarlegar, og jafnvel hættulegar (Bragi V. Bergmann, munnleg heimild, 28. apríl 2017).

Það gerir engum neitt að skrifa *ða* í staðinn fyrir *að* en það er hundleiðinlegt að sjá *íþróttamaður* skrifað *íþróttamaur*, af því að þar vantar *ð*, að ég tali nú ekki um *banvænt* í stað *barnvænt*, af því að það vantar eitt *r* í fyrri útgáfuna og merkingin stökkbreytist þar með. *Sjálfsæðismaðurinn* er líka landsfrægt og bráðfyndið dæmi um slæma innsláttarvillu, þar sem gleymdist eitt *t*. (Bragi V. Bergmann, munnleg heimild, 28. apríl 2017).

Ríkisútvarpið varð fyrst allra fjölmiðla til þess að setja sér málstefnu árið 1985. Það hefur uppfært málstefnu sína frá þeim tíma og hún er aðgengileg á ruv.is. Í málstefnunni koma fram nokkrar forsendur sem miðillinn gefur sér: að fréttamenn skuli vanda mál sitt, að orðaval skuli vera viðeigandi, beygingar sagna réttar og orðaskipan eðlileg. Einnig er tekið sérstaklega fram að ritað mál á vefsíðu stofnunarinnar skuli standast kröfur um réttitun og góðan frágang (Ríkisútvarpið e.d.). Við ráðningu fréttamanna á Ríkisútvarpinu þurfa þeir að gangast undir fréttamannapróf, þar sem kannað er hversu vel þeir þekkja fólk, samtök, skammstafanir o.þ.h. Einnig þurfa fréttamenn að þreyta tungumálapróf og stafsetningarpróf (Atli Þór Ægisson, munnleg heimild, 21. apríl 2017).

Málstefnu Morgunblaðsins er ekki að finna á vef Morgunblaðsins enda er slík stefna ekki til. Karl Blöndal, aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, segir að Morgunblaðið sé ekki með sérstaka útgefna málstefnu. Fréttamenn þurfi þó að þreyta fréttá- og málfarspróf við ráðningu, líkt og hjá Ríkisútvarpinu. Almennar vinnureglur um góða málnotkun eru við lýði, bæði hjá blaðinu og vefnum. Forðast skal að nota enskuslettur í fyrirsögnum og fréttum og allur texti, sem birtur er í Morgunblaðinu sjálfu, er yfirlesinn, tví- eða þrívegis. Karl bætir við að Morgunblaðið setji sér strangar kröfur um íslensku í blaðinu og á vefnum, og sé fréttamönnum með öllu óheimilt að nota ensku í greinum sínum, jafnvel þó að óskað sé sérstaklega eftir ensku í t.d. minningargreinum (Karl Blöndal, 2017). Þorsteinn Ásgrímsson, fréttastjóri hjá mbl.is, segir fréttamenn á vefnum birta fréttir í samráði við vakt- eða fréttastjóra. Hann segir prófarkalesara lesa yfir allar fréttir á vefnum en þó sé það yfirleitt gert eftir birtingu fréttanna, en vegna eðlis netfrétta og hraða umhverfisins sé yfirlestur sjaldan mögulegur fyrir birtingu (Þorsteinn Ásgrímsson, munnleg heimild, 10. apríl 2017). Hjá Ríkisútvarpinu er meirihluti fréttá yfirlesinn af málfarsráðunauti og undirmönnum hans. Þeir lesa aðallega yfir efni fyrir sjónvarp og útvarp en vegna þess að fréttirnar á vefnum eru flestar unnar úr sama kerfi og sjónvarps- og útvarpsfréttir, má segja að nánast allar fréttir á vefnum séu yfirlesnar líka. Ef tími er aflögu rennir málfarsráðunautur einnig yfir vefinn, eftir birtingu fréttá (Atli Þór Ægisson, munnleg heimild, 21. apríl 2017).

Fréttamenn eru yfirleitt daglega í baráttu við klukkuna og leiða má að því líkur að slæmt málfar og skortur á yfirlestri sé bein afleiðing tímaskorts. Í næsta kafla verður því sambandið á milli hraða og gæða skoðað.

2.5. Hraði vefmiðla: Hafa annir áhrif á gæði fréttá?

Við vinnslu fréttá snýst samkeppnin um að verða fyrstur með ferskustu fréttina („skúbbið“) og það sem oftast. Þessi samkeppni er rist inn í formgerð fjölmiðlunar og gangvirkni fjölmiðlasviðsins hyglir þeim sem stunda blaðamannsiðju sína undir merkjum hraðans og

stöðugar endurnýjunar (Bourdieu, 2007). Þannig er ferskleiki hvernar fréttar mikilvægur því ferskar upplýsingar styrkja fréttina og tryggja þér frekar lestur (Anderson, Douglas A. o.fl. 1988). Samkeppni hefur vitaskuld áhrif á frétttaflutning vefmiðlanna og má segja að það sé einn af ráðandi þáttum í fjölda fréttta. Það þekktist einnig meðal keppinauta að skoða vefmiðla hvor annars til samanburðar og til frétttaöflunar; skyldi keppinauturinn hafa verið á undan með ferska frétt? (Anderson, Douglas A. o.fl. 1988). Hraði fjölmiðlunar í dag er orðinn mjög mikill og stöðug pressa á blaðamönnum að vera fyrstir með fréttirnar gerir það að verkum að minni vinna er lögð í fréttirnar og oft nær ritstjóri ekki að lesa þær yfir fyrir birtingu. Þar af leiðandi er innihald fréttanna og uppsetning stundum verulega fjarri lagi. Kröfur til blaðamanna eru meiri en áður þar sem þeir þurfa oft en ekki að sinna fleiru en starfi blaðamanns eingöngu. Þeir hafa þar af leiðandi minni tíma til að rannsaka hvort staðreyndir séu sannar og eru fréttir því oft uppfærðar seinna, eftir því sem þarf að breyta eða bæta við. (Tamara Witschege, Gunnar Nygren, 2009).

Friðrik Þór Guðmundsson, blaðamaður, segir blaða- og fréttamenn á Íslandi búa við þann veruleika að geta ekki unnið með eins mikilli nákvæmni og vandvirkni og æskilegt væri vegna stöðugar pressu að skila af sér sem flestum fréttum. Í könnun hans meðal reyndra blaða- og fréttamanna kemur fram nær einróma álit þátttakenda að fjölmiðlastéttin búi við mikinn tímaskort hvað varðar upplýsingaöflun, úrvinnslu og framsetningu fréttta sinna. Alls 92% svarenda sögðu tíma fréttamanna of nauman til viðunandi úrvinnslu. Friðrik segir það augljóst að vandamálið stafi af stórum hluta vegna meiri áherslu stjórnenda á magn fremur en gæði með auknum kröfum um afköst og stundvís skil (Friðrik Þór Guðmundsson, 2007).

2.6 Ríkisútvarpið – RÚV

Ríkisútvarpið var stofnað árið 1930 og fékk í kjölfarið fullan einkarétt til útvarpsreksturs til ársloka 1985, en aðrar útvarpsstöðvar þurftu að fá sérstök leyfi til reksturs.

Ríkisútvarpið hóf sjónvarpsútsendingar árið 1966 en missti einokunarstöðu sína á

Ljósvakani þegar lög voru sett um starfsemi og auglýsingatekjur þess. Það hefur síðan þá háð samkeppni við einkareknar stöðvar og tekið meira tillit til óska og þarfa almennings (Hannes Hólmsteinn Gissurason, 1989).

Þjónusta Ríkisútvarpsins á netinu hófst þann 17. júní árið 1996 þegar netnotendur gátu í fyrsta skiptið hlustað á dagskrá RÚV á vefnum. Á árunum 2005-2006 var meiri vinna lögð í að skrifa fréttir fyrir vefinn og litið á hann sem nýtt tækifæri í fréttáflutningi. Það var þó ekki fyrir en árið 2011 sem settur var verulegur kraftur í vefinn og sérstakt fréttateymi búið til, sem einblíndi á að virkja og bæta vefinn, samkvæmt framkvæmdarstjóra vef- og nýmiðlasviðs RÚV (Ingólfur Bjarni Sigfússon, munnleg heimild, 3. maí 2017).

Ríkisútvarpið skipaði vef- og nýmiðlasvið árið 2014, sem sér um að reka og þróa vefinn ruv.is. Sviðið sér um að ritstýra efni á vefinn, stuðla að því að vefurinn sé vandaður og fjölsóttur miðill og stórauka áherslu á miðlun efnis á vefnum (Ríkisútvarpið, e.d.).

Atli Þór Ægisson, einn vefstjóra ruv.is, segir u.þ.b. 10 fréttamenn vinna daglega að fréttum sem fari inn á vefinn. Fáir þeirra vinni eingöngu fyrir vefinn, en mikið af efni ruv.is sé endurunnið úr útvarpi og sjónvarpi eða fréttirnar unnar með bæði ljósvakamiðlana og vefinn til hliðsjónar. Allt efni sem unnið er fyrir útvarp er sett inn á svo kallað Vaktborð, og þaðan er það afritað á vefinn (Atli Þór Ægisson, munnleg heimild, 21. apríl 2017).

Atli segir jafnframt að engin viðmið séu sett hvað varðar fjölda fréttar á dag hjá ruv.is en stefnan hafi verið sett á að vinna færri fréttir og þá vandaðri og ítarlegri frekar en fleiri fréttir og síður vandaðar.

2.7 Morgunblaðið – Mbl

Morgunblaðið er einn elsti fjölmiðill landsins en hann var stofnaður árið 1913 þegar fyrsta tölublaðið kom út. Félagið Árvakur keypti blaðið árið 1919 og er eigandi blaðsins til dagsins í dag (Morgunblaðið, e.d.).

„Morgunblaðið varð fyrst íslenskra dagblaða til að setja efni sitt fram á Netinu eins og blaðið kaus að kalla þennan miðil. Þar með gátu lesendur nálgast fréttir Morgunblaðsins samdægurs hvar sem þeir voru staddir í heiminum.“ (Guðjón Friðriksson, 2000).

Árið 1994 varð Morgunblaðið fyrsti fjölmiðillinn til þess að taka stökkið og bjóða upp á lestur blaðsins á netinu. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1998 að Morgunblaðið gekk talsvert lengra en aðrir miðlar og fór að leggja áherslu á netumfjöllun þegar fréttavefurinn mbl.is varð aðgengilegur (Morgunblaðið, e.d).

Morgunblaðið er áskriftarblað og því birtist ýmislegt efni í blaðinu sem ekki er aðgengilegt á mbl.is nema í gegnum vefáskrift, t.d. leiðarar, Reykjavíkurbref og ritstjórapistlar.

Minningargreinar eru þó aðgengilegar á vefnum, en Morgunblaðið er miðill með yfirburðastöðu á Íslandi í birtingu minningargreina. Þetta atriði eitt og sér er mjög sérstætt í samanburði við önnur lönd en til að mynda í Bandaríkjunum eru minningargreinar einungis birtar þegar þekktur einstaklingur deyr (Anderson, Douglas A. o.fl. 1988).

Samkvæmt Þorsteini Ásgrímssyni, fréttastjóra á mbl.is, vinna 13-16 fréttastjórar og blaðamenn eingöngu fyrir vefinn mbl.is. Fréttavöktunum er skipt niður í morgunvaktir, dagvaktir, kvöldvaktir og helgarvaktir þannig að blaðamennirnir vinna aldrei allir á sama tíma. Auk þeirra taka nokkrir lausráðnir starfsmenn nokkrar vaktir á viku þannig að á almennri dagvakt eru jafna um 5-7 manns, auk vakt- eða fréttastjóra. Engin viðmið eru sett um fjölda fréttu á dag eða hjá einstaka starfsmönnum mbl.is. Eingöngu er horft til þess að hafa gott flæði fréttu yfir daginn án þess að ákveðið lágmark sé sett (Þorsteinn Ásgrímsson, munnleg heimild, 10. apríl 2017).

2.8 Samkeppni vefmiðlanna


Ríkisútvarpið er svo kallaður fjölmiðill í almannþágu og er í eigu ríkisins. Hann er að mestu leyti fjármagnaður með útvarpsgjöldum sem skattgreiðendur landsins borga árlega.

Menningarmálaráðherra og RÚV gera sérstakan þjónustusamning um fjölmiðilinn, markmið

hans, skyldur og hlutverk í almannabágu (Ríkisútvarpið, e.d.). Samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið er því óheimilt að selja viðskiptaboð til birtingar á veraldarvefnum en er þó heimilt að láta viðskiptaboð og kostunartilkynningar, sem eru hluti af útsendingu dagskrár Ríkisútvarpsins, birtast á vef þess (Lög um Ríkisútvarpið, nr. 6/2007). Í einfölduðu máli má Ríkisútvarpið ekki birta auglýsingar á vef sínum, nema til þess að auglýsa eigið dagskrárefni eða viðburði. Ástæða þess að Ríkisútvarpinu voru settar þessar hömlur er sú að bæði Fjölmiðlanefnd og Samkeppniseftirlitið vildu beita Ríkisútvarpið stjórnvaldssektum vegna brota á ákvæðum 7. gr. laga um viðskiptaboð. Málið var tekið upp aftur árið 2013 á Alþingi þar sem Ríkisútvarpið var ekki dæmt til saka (Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, nr. 194/2013). Í athugun Fjölmiðlanefndar og Samkeppniseftirlitsins var talið að RÚV hafi gert samkeppnistöðuna verri á fjölmiðlamarkaði með því að vera á auglýsingamarkaði, samhliða tekjum þess af skattfé. RÚV hafði þá í ríkum mæli vikið frá gjaldskrá sinni um auglýsingar, boðið fríbirtingar og einstaklingsbundin tilboð, auk þess sem ýjað var að því að opinbert fé hafi verið notað til þess að niðurgreiða auglýsingastarfsemi RÚV. Þannig hafi stofnunin raskað samkeppni við aðra fjölmiðla sem ekki nutu ríkisstyrks og augljóst að regluverk um starfsemi RÚV hafi ekki verið nægilega öflugt. (*Samkeppniseftirlitið*, 2008).

Sú staðreynd að ruv.is birtir ekki auglýsingar á vefnum sínum er ein forsenda þess að hann var valinn til samanburðar við mbl.is í þessari rannsókn. Auglýsingar á vefnum mbl.is, einn dag í senn, kosta frá kr. 6.855 kr. upp í kr. 165.000 (Morgunblaðið, e.d.). Hverjar auglýsingatekjur mbl.is eru á mánuði er ekki gefið upp á vefnum né af fréttastjóra, en þær mætti ef til vill nálgast hjá auglýsingadeild fyrirtækisins. Fréttastjóri mbl.is fullyrðir að blaðamenn mbl.is hafi ekki upplýsingar um auglýsingar og auglýsingatölur en það er gert til þess að takmarka mögulega hagsmunaárekstra við gerð fréttanna. Þannig er aðgreining fréttadeildar og auglýsingadeildar mjög skýr (Þorsteinn Ásgrímsson, munnleg heimild, 10. apríl 2017).


2.9 Samanburður MBL og RÚV



Tafla 1: Notendur á vefmiðlunum mbl.is og ruv.is á þriggja vikna tímabili.

Samkvæmt topplista Gallup á innlendri umferð vefmiðla, en Gallup uppfærir niðurstöður sínar daglega, hefur mbl.is yfirburði hvað varðar fjölda notenda og flettinga á viku.

Vefmiðillinn visir.is veitir mbl.is mestu samkeppnina en ruv.is er að meðaltali í fjórða sæti, á eftir dv.is (Gallup, 2017). Vikurnar 20.-26. mars, 27. mars-2. apríl og 3.- 9. apríl voru skoðaðar, en það eru vikurnar sem rannsókn á vefmiðlunum tveimur fór fram. Flettingar á þessum vikum voru alls 1.506.845,33 hjá mbl.is og 306.022,667 hjá ruv.is.



Tafla 2: Fjöldi flettinga á mbl.is og ruv.is.

3. Aðferðafræði og framkvæmd rannsóknar

Í þessum kafla er greint frá framkvæmd rannsóknarinnar og hvaða aðferðir voru notaðar við úrvinnslu gagna.

3.1 Aðferðir

Við gerð ritgerðarinnar var notuð meginregla aðferð til að vinna úr tölulegum upplýsingum rannsóknarinnar. Í fyrsta lagi var þýðið vefmiðlar og úrtakið mbl.is og ruv.is. Í öðru lagi var þýðið allar birtar fréttir á vefmiðlunum tveimur og úrtakið fimmtudagarnir 23. mars, 30. mars og 6. apríl. Niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram í lýsandi tölfræði með áherslu á myndrænar aðferðir.

Lagt var upp með þá ályktun að fréttamenn leggi orðið meiri áherslu á hraða en gæði í skrifum sínum á vefnum mbl.is, en síður á vefnum ruv.is. Forsenda þeirrar ályktunar er sú að mbl.is hefur tekjur sínar af auglýsingum, og þ.a.l. af fjölda notenda og flettinga á síðunni, en ruv.is hefur á hinn bóginn engar tekjur af auglýsingum á vefnum. Því var gert ráð fyrir því að mbl.is flýtti sér meira í fréttáflutningi, með það að markmiði að ná sem flestum fréttum á dag, fremur en færri og vandaðri, þó svo að það sé ekki uppgefin stefna hjá vefmiðlinum.

3.2 Framkvæmd rannsóknar

Reynt verður að gera grein fyrir því hvort munur sé á vefmiðlunum mbl.is annars vegar og ruv.is hins vegar. Því er leitast við að skoða hvort marktækur munur felist í fjölda fréttu á dag hjá hvorum miðli fyrir sig, orðafjölda, innsláttar- og stafsetningarvillum, leiðréttingu staðreynda í fréttum eftir birtingu, uppfærslu fréttu eftir birtingu og hversu margar fréttir á vefnum eru endurnýttar frá öðrum miðlum, s.s. ljósvakamiðlum og prentmiðli.

Með þessa þætti að leiðarljósi, verður reynt að sýna fram á hvort vefmiðlarnir tveir setji gæði fréttu í fyrsta sæti ellegar fjölda þeirra.

Gæði fréttanna voru mæld með þeim hætti að meðalorðafjöldi var borinn saman við hversu margar villur fundust í fréttunum. Einnig var horft til þess hversu margar fréttir hvor miðill setti inn á dag og fundið út hver meðalorðafjöldi fréttanna var. Fleiri orð gefa til kynna að meiri vinna hafi verið lögð í fréttina.

Fylgst var með hvorum miðli fyrir sig, mbl.is og ruv.is, í þrjár vikur. Þá voru fimmtudagar í hverri viku eingöngu skoðaðir, frá miðnætti til miðnættis, og einungis flokkurinn innlendar fréttir. Dagarnir voru ekki skoðaðir samdægurs, heldur nokkrum dögum síðar, til þess að ganga úr skugga um að ekki væri verið að breyta fréttunum eftir að gögnum var safnað fyrir rannsóknina.

Tekið skal fram að við skráningu stafsetningar- og málfarsvillna voru kommuvillur og aðrar minni greinarmerkjavillur ekki taldar með í niðurstöðum. Þó ert vert að benda á að höfundur fann margar kommuvillur hjá báðum miðlum en þó áberandi fleiri í fréttum mbl.is.

Einnig skal tekið fram að vefforritið sem mbl.is notar sýnir ef breytingar eru gerðar á fréttum eftir birtingu, með formerkjunum uppfært kl., en það gerir vefforrit ruv.is ekki. Því er samanburðurinn hvað þetta varðar ekki áreiðanlegur og ekki hægt að vita fyrir víst hvort málfarsvillur hafi verið lagaðar eftir birtingu fréttanna á ruv.is.

3.3. Tilgáttur

Rannsóknartilgátan er sú að fjöldi fréttanna, þ.e. hraði, er settur frammar gæðum við vinnslu veffréttanna. Mikið hefur verið talað um að hraði fjölmiðlunar sé orðinn talsvert meiri nú en áður og þá sérstaklega á vefmiðlum. Hraði hefur oftast en ekki neikvæð áhrif á vandvirkni og því er talið að orsakasamband sé á milli þessarra þátta á vefmiðlum sérstaklega.

Í kjölfarið voru settar fram eftirfarandi tilgáttur:

1. Mbl.is er rekinn á auglýsingatekjum og því er gert ráð fyrir því að hann birti frekar fleiri fréttir á dag og styttri í senn.

2. Ruv.is hefur minni hvata en mbl.is til að setja inn margar fréttir á dag vegna engra auglýsingatekna. Tilgátan er því sú að ruv.is birti að meðaltali færri fréttir á dag en lengri (með meiri orðafjölda).
3. Vegna þess að báðir vefir hafa prófarkalesara/málfarsráðunaut má draga þá ályktun að fáar villur, jafnvel engar, leynist í fréttunum.
4. Ruv.is vinnur fleiri fréttir upp úr útvarpsstöðvum sínum og sjónvarpi heldur en mbl.is upp úr Morgunblaðinu.


4. Niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að hraði er settur framur gæðum hjá báðum miðlum.

Alls fundust 47 villur á rannsóknartímabilinu hjá miðlunum tveimur og er það mun meira en ætti að finnast í yfirförnum fréttum.

Önnur niðurstaða rannsóknarinnar er sú að ruv.is er þó vandaðri miðill en mbl.is þegar kemur að málfari og stafsetningu. Í niðurstöðum og umræðum hér að neðan verður farið yfir rökstuðninginn sem liggur hér að baki en þó ert vert að benda á að ýmsar takmarkanir fylgja niðurstöðunum. Úrtak rannsóknarinnar hefði mátt vera stærra og fleiri tölfræðilegar prófanir hefðu verið kostur. Munurinn á miðlunum var ekki jafn mikill og búist var við, en ef fleiri fréttir hefðu verið skoðaðar væri líklega hægt að komast að marktækari niðurstöðu. Einnig hefði það styrkt rannsóknina verulega að komast yfir upplýsingar um auglýsingatekjur mbl.is og skoða sambandið milli fjölda fréttu og auglýsinga.


4.1. Fjöldi fréttar og lengd þeirra



Tafla 3: Fjöldi fréttar á tímabilinu.

Alls voru skoðaðar 276 fréttir sem voru birtar í flokknum *innlendar fréttir* á hvorum miðli fyrir sig, þrjú fimmtudaga í röð. Þar af átti ruv.is 107 fréttir en mbl.is 169 fréttir. Mbl.is var alla þrjú dagana með fleiri fréttir en ruv.is. Stærsta frávikið var fimmtudaginn 6. apríl þegar mbl.is var með 69 fréttir en ruv.is aðeins með 25.

Orðafjöldi allra fréttar á ruv.is var 31.163 orð og mbl.is 46.640 orð.



Tafla 4: Heildarorðafjöldi fréttu á dag

Þegar heildarorðafjöldi var borinn saman við fjölda fréttu, kom í ljós að ruv.is er að meðaltali með fleiri orð í hverri frétt, samanborið við mbl.is. Munurinn er þó minni en búist var við, þar sem meðalorðafjöldi fréttu á ruv.is var 291 orð en meðalorðafjöldi fréttu á mbl.is 276 orð. Það var því ekki nema 16 orða munur á fréttum miðlanna að meðaltali.

4.2. Villur


Í rannsókninni fundust mun fleiri villur í fréttunum en búist var við. Hjá mbl.is fundust 32 villur í heildina. Í flestum fréttum var aðeins eina villu að finna, í tveimur fréttum fundust 2 villur og í öðrum tveimur fréttum fundust 3 villur.

Hjá ruv.is fundust 15 villur í heildina. Í öllum tilvikum fannst aðeins 1 villa í hverri frétt, að undanskilinni einni frétt þar sem fundust tvær villur. Eins og áður sagði voru smærri villur á borð við kommur og önnur greinarmerki, eða skortur á þeim, ekki teknar með í niðurstöðurnar.

Þegar villur fréttanna voru bornar saman við orðafjölda kom ruv.is mun betur út.

Þannig var ruv.is með villu á 2.078 orða fresti meðan að mbl.is var með villu á 1.413 orða


fresti. Fulltrúar vefmiðlanna beggja fullyrða að prófarkalesari og/eða málfarsráðunautur lesi yfir flestar fréttir.



Tafla 5: Villur bornar saman við orðafjölda.

Villurnar voru eftirfarandi:

- Vantaði orð í setningu: 7 (ruv.is: 6 - mbl.is: 1)
- Vantar staf inn í orð eða í lok þeirra: 12 (ruv.is: 5 - mbl.is: 7)
- Innsláttarvillur/vitlaus stafur: 8 (ruv.is: 1 - mbl.is: 7)
- Málfarsvillur/orð vitlaust beygð: 10 (ruv.is: 3 - mbl.is: 7)
- Orðum ofaukið: 8 (ruv.is: 0 - mbl.is: 8)
- Netföng fréttamanna óvart sett inn í texta: 2 (ruv.is: 0 - mbl.is: 2)



Tafla 6: Málfars- og stafsetningarvillur í flokkum.

Dæmi um villur þar sem vantaði staf:

lofmengun = loftmengun

hlífðarfatnaður = hlífðarfatnaður

stafssvið = starfssvið

skulum = skuldum

uppeldisskyldum = uppeldisskyldum

ákæði = ákvæði

nagi málsins = angi málsins

Danmerku = Danmerkur

fjármálstefnu = fjármálastefnu

tilkyningu = tilkynningu

mill = milli

Dæmi um villur þar sem vantaði orð:

Hér vantar orðið sem fyrir framan stofnunin.

Umhverfisstofnun muni deila því út í samræmi við forgangsröðun, og í því sambandi sé Helgustaðanáma eitt af þeim svæðum stofnunin hafi áhyggjur af.

Dæmi um innsláttarvillur:

Hér er orðið samræmist skrifað sem sæmræmist. Til viðbótar vantar annað hvort orð fremst í

seinni setninguna eða þá að breyta þurfti sögninni liggja í liggja.

Ákvæði Íslands um smánun þjóðarleiðtoga sæmræmist ekki sjónarmiðum um tjáningarfrelsi.

Á Íslandi liggja þungar refsingar við því að smána erlenda þjóðarleiðtoga, þær þyngstu sem um getur á öllu ÖSE svæðinu.

Dæmi um villu þar sem orðum var ofaukið:

Hér á orðið það ekki heima í byrjun setningarinnar.

„Hvort það eitthvað í þessu máli gefur ástæðu til þess verður bara að koma í ljós,“ segir hann.

Dæmi um villu þar sem settur var rangur stafur:

Hér er orðið framkvæmdastjóri vitlaust beygt, ætti að vera framkvæmdastjóra.

er haft eftir Özuri Lárussyni, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, í tilkynningu.

Málfar:

Hérna er sögninni sagðist ofaukið í málsgreininni:

Sagðist hún hafa alveg hugsað hvort hún ætti að taka fæðingarorlof og sagðist það togast á innra með henni hvað hún ætti að gera

Höfundur var ekki viss um að hægt væri að flokka þessa málsgrein sem málfarsvillu en ákvað þó að svo yrði gert. Ástæðan er sú að væntanlega skilur enginn hvað hér er verið að reyna að segja:

„Fram kemur að meðal þess sem ástæða sé talin til að skoða sé hvort...


Yfirlit yfir aðrar villur sem fundust í rannsókninni er að finna í viðauka.

4.3. Leiðréttingar á fréttum eftir birtingu

Í fréttum mbl.is voru staðreyndir aldrei leiðréttar, a.m.k. ekki þannig að svo væri sérstaklega tekið fram. Í fréttum ruv.is kom það hins vegar fjórum sinnum fyrir að innihald fréttanna var uppfært. Í fyrstu leiðréttingu er frétt um árekstur uppfærð og því er ekki hægt að vita hvort

einfaldlega hafi verið bætt við fréttina eða hvort innihald fréttarinnar hafi verið rangt að einhverju leyti. Í annarri leiðréttingu var farið rangt með tölur um laun bankráðsmanna og það uppfært með réttum tölum. Í þriðju leiðréttingu var uppfærður aldur á ákærðum manni. Í fjórðu leiðréttingu er ekki tekið fram hvað var uppfært.

Í fréttum mbl.is er alltaf tekið fram ef fréttum hefur verið breytt og þannig er hægt að sjá allar uppfærslur. Hins vegar er ekki tekið fram hverju var breytt og því ekki vitað hvort eingöngu hafi verið lagaðar innsláttarvillur og slíkt eða innihald fréttanna einnig. Líklegt er þó að aðeins málfars- eða innsláttarvillur séu lagaðar í þessum uppfærslum, sér í lagi vegna þess að prófarkalestur á sér stað eftir birtingu fréttanna hjá mbl.is.



Tafla 7: Uppfærslur og leiðréttingar.


Hlutfall leiðréttinga á hverja frétt var 32% hjá mbl.is en aðeins 4% hjá ruv.is.

Að því sögðu ber að taka þessum niðurstöður með fyrirvara. Ruv.is var því með fjórar leiðréttingar á meðan mbl.is var með 54 leiðréttingar/uppfærslur.

4.4. Fréttir á vef endurunnar frá öðrum miðlum


Í rannsókninni var einnig horft til þess hversu margar fréttir á vefnum voru endurunnar úr

öðrum miðlum Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins. Hjá Ríkisútvarpinu var horft til útvarps og sjónvarps en hjá Morgunblaðinu var horft til dagblaðsins.



Tafla 8: Hlutfall fréttar á mbl.is unnar úr Morgunblaðinu.

Alls voru 35 fréttir inni á mbl.is sem voru endurunnar úr Morgunblaðinu. Sumar voru endurunnar að fullu en aðrar að hluta til og var áskrifendum bent á að hægt væri að lesa fréttina í heild sinni með því að skrá sig inn eða lesa blaðið sjálft.



Tafla 9: Hlutfall fréttar á ruv.is unnar úr útvarpi og sjónvarpi.

Alls voru 33 fréttir inni á ruv.is sem voru endurunnar úr bæði sjónvarpi og útvarpi. 18 þeirra voru unnar úr sjónvarpi á meðan 15 voru unnar úr útvarpi.

Á ruv.is liggur ekki alltaf ljóst fyrir hvort fréttirnar hafi verið unnar beinlínis fyrir vefinn eða

hvort þær hafi verið gerðar fyrir ljósvakann. Því má gera ráð fyrir einhverjum skekkjumörkum í þessum lið könnunarinnar.

5. Umræður og vangaveltur

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar telur höfundur að nokkuð vel hafi tekist til. Settar voru fram fjórar rannsóknartilgátur og tvær þeirra stóðust. Fyrsta og önnur tilgáta fólust í því að mbl.is birti að meðaltali færri fréttir og styttri meðan að ruv.is birti að meðaltali færri fréttir en lengri. Þessar tilgátur stóðust eins og fram kemur í niðurstöðukaflanum.


Þriðja tilgátan sem sett var fram var sú að fáar eða engar villur myndu leynast í fréttunum vegna þess að langflestar eða allar fréttir eru lesnar yfir af prófarkalesara eða málfarsráðunauti, hjá bæði ruv.is og mbl.is. Höfundur fann 47 villur í fréttunum og því innihéldu um 17% fréttar á tímabilinu villur. Sú tilgáta stóðst því ekki.

Fjórða tilgátan var sú að ruv.is hefði unnið fleiri fréttir upp úr sjónvarpi og útvarpsstöðvum sínum en mbl.is upp úr Morgunblaðinu. Svo reyndist ekki vera. Höfundur þótt það athyglisvert með hliðsjón af því að ljósvakamiðlar Ríkisútvarpsins vinna talsvert fleiri fréttir en Morgunblaðið á dag, ef litið er til morgunfréttar, hádegisfréttar og kvöldfréttar RÚV í bæði útvarpi og sjónvarpi. Í ljósi uppgefina upplýsinga um hve fáir fréttamenn starfa eingöngu við vefinn hjá Ríkisútvarpinu meðan að sérstakir fréttamenn hjá Morgunblaðinu starfa einungis við vefinn, gerði höfundur ráð fyrir því að fleiri fréttir væru „endurunnar“ hjá ruv.is en mbl.is.

5.1. Markmið rannsóknar og niðurstöður

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að komast að því hvor þátturinn væri í fyrirrúmi á þessum tveimur netmiðlum: Gæði fréttar ellegar hraði og fjöldi fréttar. Þar sem allir vefmiðlar landsins þóttu vera of stórt þýði fyrir rannsóknina var ákveðið að úrtakið yrði aðeins ruv.is og

mbl.is og að mati höfundar endurspeglar þessir vefmiðlar ágætlega flóruna, aðalega vegna þess að annar hefur auglýsingatekjur en hinn ekki.



Tafla 10: Verklag vefmiðla.

Á fyrri myndinni má sjá verklag vefmiðla sem höfundur dregur úr niðurstöðum rannsóknar. Vefmiðlarnir mbl.is og ruv.is fara báðir eftir þessu verklagi. Seinni myndin er það verklag sem höfundur telur að ætti að vera við lýði hjá öllum vefmiðlum.



Tafla 11: Hvernig verklag vefmiðla ætti að vera.

Niðurstaða höfundar er sú að gæði veffrétta hvað stafsetningu varðar eru ekki nógu mikil.

Einhverjum gæti þótt 47 villur í 267 fréttum ekki svo mikið hlutfallslega, en það er þó mun meira en ætti að vera þegar búið er að yfirfara innihald fréttanna af fagmönnum, þ.e. sérhæfðum prófarkalesurum eða málfarsráðunaut.

Önnur rök fyrir þeirri niðurstöðu eru sú að í kafla 2 var vitnað í aðstoðarritstjóra Morgunblaðsins, þar sem hann segir að fréttir í Morgunblaðinu séu tví- eða þrífirlesnar áður en blaðið er sett í prentun. Á vefnum eru fréttir hins vegar lesnar yfir allt frá 20 mínútum upp í 4 daga eftir birtingu. Þá er einnig vitnað í vefstjóra ruv.is þar sem hann segir forgangsöröðun málfarsráðunauts þeirra vera útvarp og sjónvarp. Vegna þess að margar fréttir sem birtast á vefnum eru unnar upp úr sama kerfi og fréttir í ljósvakamiðlunum, eru einhverjar þeirra sjálfkrafa yfirfarnar í leiðinni fyrir vefinn. Ef tími gefst til rennir málfarsráðunautur yfir veffréttirnar, eftir birtingu. Af því má draga þá niðurstöðu að hraði og fjöldi, fremur en gæði fréttanna, séu í fyrirrúmi hjá báðum miðlum. Þar hallar þó meira á annan þeirra.

5.2. Samanburður miðlanna

Í rannsókninni var samanburður miðlanna í brennidepli. Lokaniðurstaða höfundar var, eins og áður kom fram, að ruv.is leggi meiri áherslu á gæði en mbl.is og sé því betri vefmiðill.

Niðurstaðan er byggð á því að ruv.is er meðal annars með skriflega málstefnu ásamt því að miðillinn reyndist vera með færri og lengri fréttir á dag og færri villur en mbl.is.

Eins og skýrt hefur verið í fræðilegum kafla ritgerðarinnar og niðurstöðum rannsóknar voru auglýsingatekjur grundvallarmunurinn á miðlunum tveimur og í kjölfarið var gengið út frá þeirri tilgátu að fjöldi fréttanna væri mbl.is mikilvægari en gæði, til þess að auglýsingatekjur væru sem hæstar. Ekki var hægt að sýna fram á með tölfræðilegum hætti hvort auglýsingatekjur mbl.is væru ástæða þess að fréttir mbl.is voru fleiri og styttri, en höfundur telur það líklegt. Til þess að hægt væri að rannsaka orsakasambandið þar á milli þyrftu

auglýsingatekjur mbl.is og aðrar tölfraðilegar upplýsingar að liggja fyrir, sem ekki var nálgast við framkvæmd þessarar rannsóknar. Hugsanlega þyrfti þá einnig að fara út í eigindlegar rannsóknaraðferðir og ræða betur við starfsfólk, ekki síst á auglýsingadeild.

Það skiptir máli fyrir vefmiðla að fréttir séu undantekningarlaust vel unnar. Mistök geta alltaf orðið, innsláttarvillur og annað slíkt, en mikilvægt er að lesendur gangi ekki að því sem gefnu að finna villu í fréttum miðilsins. Því oftast sem það gerist er óhjákvæmilegt að gæði miðilsins minnki í huga lesendans. Það er höfundu ráðgáta hvers vegna jafnmikil áhersla er ekki lögð á yfirlestur efnis á vefmiðlum annars vegar og efnis á ljósvakamiðlum og dagblaði innan sama fyrirtækis hins vegar.

5.3. Frekari rannsóknir

Það hefði verið forvitnilegt að rannsaka gæðastefnu fjölmiðlanna tveggja nánar, þ.e. hvort að þar sé til staðar skrifleg eða sett stefna um að leggja minni vinnu í fréttir á vefnum. Eru gæði veffrétta síður mikilvæg en gæði fréttu í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum?

Einnig væri áhugavert að kanna sérstaklega viðhorf fréttamanna á vefmiðlum og heyra þeirra skoðun á málinu. Eru þeir meðvitaðir um vandamálið eða telja þeir yfir höfuð að um vandamál sé að ræða? Gera stjórnendur meiri kröfur til fréttamanna á ljósvakamiðlum og blaðamanna en til veffréttamanna hvað varðar íslenskukunnáttu og vandvirkni í vinnubrögðum?

Forvitnilegt væri að taka stærra þýði og skoða hvort villur séu viðvarandi hjá fleiri vefmiðlum, hversu margir vefmiðlar eru með prófarkalesara í starfi og hvort að allir vefmiðlar fari yfir stafsetingu og málfar, annað hvort fyrir birtingu fréttu ellegar eftir á.

5.4. Ófyrirsjáanlegar niðurstöður

Þegar hugmynd rannsóknarinnar kviknaði bjóst höfundur sterklega við því að nokkuð margar

fréttir í úrtakinu væru leiðréttar eftir á, þ.e. staðreyndir í fréttunum sjálfum.

Það hefur borið á því undanfarið í samfélaginu að fjölmiðlar eru gagnrýndir fyrir það að leiðréttu fréttir sínar eftir birtingu í sífellt meiri mæli. Sú gagnrýni var kveikjan að forvitni höfundar.

Þess vegna kom það höfundi verulega á óvart hversu fáar fréttir voru leiðréttar eftir á. Hann átti ekki heldur von á því að niðurstaðan yrði sú að ruv.is leiðrétti fleiri fréttir en mbl.is.

Það tók langan tíma að fara yfir allar fréttir á vefmiðlunum tveimur þessa þrjá daga og því mætti alveg skoða betur hvaða rannsóknaraðferð yrði þægilegri í framhaldinu eða hvort fleiri en einn rannsakandi gætu staðið að henni. Þá mætti einnig skoða þær takmarkanir rannsóknarinnar sem listaðar eru í niðurstöðukaflanum og gera þeim skil. Það er augljóst að viðfangsefnið er áhugavert og greinilega eitthvað sem ætti að skoða. Ef markmið vefmiðla er ekki að veita sömu gæði þar og í öðrum tegundum miðla er framtíð íslenskrar tungu á vefmiðlum ekki björt. Stærri rannsókn yrði ef til vill hvatning, eða vitundarvakning, fyrir fjölmiðla um að þeir þurfi að gera betur í þessum efnum.

6. Heimildir

Anderson, Douglas A., Itule, Bruce D. 1988. Writing the news. Random House, Inc. New York.

Árvakur hf. (e.d.). Um Árvakur. Sótt af www.mbl.is/mogginn/fyrirtaekid/.

Birgir Guðmundsson og Valgerður Jóhannsdóttir. (2014). Flestir vilja vinna í sjónvarpi. *Blaðamaðurinn*, 36(1), 12.

Björn Gíslason, Ingimar Karl Helgason og Kristín Helga Gunnarsdóttir. 2008.

Skýrsla vinnuhóps á vegum Íslenskrar málnefndar um fjölmiðla og listir. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Chung, J. C., Kim, H. og Kim, J. H. (2010). An anatomy of the credibility of online newspapers. *Online Information Review*, 34, 669-685.

Currah, A. (2009). What's Happening to Our News. Oxford: Reuters Institute for the Study of Journalism. Currah, A. (e.d.). Heimasíða Andrew Currah. Sótt af <http://www.andrewcurrah.com/Academic.html>.

Eiríkur Jónsson. (2013, 16. janúar). „Allt á eftir að enda á netinu“. Sótt af <http://press.is/index.php/felagidh/frettir/3264-allt-a-efir-adh-enda-a-netinu>

Fjölmiðlanefnd. (2015). Skipting birtingafjár milli miðla 2014. Sótt af <http://fjolmidlanefnd.is/en/2015/09/23/skipting-birtingafjar-milli-midla-2014/>

Friðrik Þór Guðmundsson. (2007). Um vinnubrögð, siðareglur og viðhorf reyndra blaða- og fréttamanna. *Blaðamaðurinn*, 29(1), 4-7.

Gallup. (2017). Topplisti innlend umferð. Sótt af

Guðjón Friðriksson. (2000). Nýjustu fréttir! Saga fjölmiðlunar á Íslandi frá upphafi til vorra daga. Reykjavík: IÐUNN.

Hagstofa Íslands. (e.d.). Tölvu- og netnotkun Íslendinga 2002-2014. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__visinditaekni__Upplysi ngataekni__UTlykiltolur/SAM07102.px/table/tableViewLayout1/?rxid=d2a560cf-3fe2-47d6-b1b2-2b44693cd0a2

Hannes Hólmsteinn Gissurarson. 1989. Fjölmiðlar nútímans. Stofnun Jóns Þorlákssonar. Reykjavík.

Íslensk málnefnd. (2009). Íslenska til alls: Tillögur málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Jonas Nygaard Bloom, Kenneth Reinecke Hansen. 2014. Click-bait: Forward-reference as lure in online news headlines. University of Southern Denmark. Sótt af: http://ac.els-cdn.com/S0378216614002410/1-s2.0-S0378216614002410-main.pdf?_tid=7f691afe-2cf2-11e7-aad8-00000aacb362&acdnat=1493480749_702c155c3850d265b190db6ef3b5386d

Karl Blöndal. (2017, 3. maí). Viðtal höfundar við Karl Blöndal, aðstoðarritstjóra MBL, um málstefnu Morgunblaðsins.

Küng, L., Picard, R.G. og Towse, R. (2008). The Internet and the Mass Media. London: Sage

Lög um Ríkisútvarpið, nr. 6/2007

Menntamálaráðuneytið. (2005, apríl). Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla. Sótt af

*www.brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/6360E328071A0E50002576F00058DAC3/Attachment/fj
olmidlanefnd.pdf*

Morgunblaðið. (e.d.). Saga Morgunblaðsins. Sótt af

http://www.mbl.is/mogginn/fyrirtaekid/

Morgunblaðið. (e.d.). Verðskrá: Forsíða. Sótt af

https://secure.mbl.is/augl-greining/verdkra/forsida/

Páll Sigurðsson. 1997. Fjölmíðlaréttur meginþættir réttarumhverfis fjölmíðlanna.

Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Picard, R.G. (2000). Changing Business Models of Online Content Services: Their

Implications for Multimedia and Other Content Producers [rafræn útgáfa]. The

International Journal on Media Management, 2(2), 60-68.

Pierre Bourdieu. (2007). *Atvik 11 - Almenningsálitid er ekki til*. Davíð Kristinsson þýddi.

Reykjavík: Reykjavíkur Akadémían.

Ragnhildur Lára Finnsdóttir. 2010. Hvert liggur smellistraumurinn? Hvaða fréttir eru mest

lesnar á mbl.is? Háskóli Íslands. Sótt af

http://skemman.is/stream/get/1946/4812/14182/1/hvert_liggur_smellistraumurinn.pdf

Ríkisútvarpið. (e.d.). Saga Rúv. Sótt af

http://www.ruv.is/nolayout/timeline/saga-r%C3%BAv

Ríkisútvarpið. (e.d.). Starfsemi og stefna. Sótt af

http://www.ruv.is/ruv-okkar-allra/starfsemi-og-stefna

Ríkisútvarpið. (e.d.). Málstefna. Sótt af

<http://www.ruv.is/ruv-okkar-allra/malstefna>

Ríkisútvarpið. (e.d.). Útvarpsgjaldið og fjármál. Sótt af

<http://ruv.is/ruv-okkar-allra/utvarpsgjaldid-og-fjarmal>

Samkeppniseftirlitið. (2008). Samkeppniseftirlitið leggur til endurskoðun á þátttöku RÚV á
auglýsingamarkaði. Háttsemi RÚV hefur leitt til alvarlegrar takmörkunar á samkeppni.

Sótt af <http://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/nr/249>

Tamara Witschege, Gunnar Nygren. (2009). *Journalism: A profession under pressure?* Sótt af

https://research.gold.ac.uk/2128/1/Witschge_Nygren_Journalism_as_profession.pdf

7. Viðauki

1. Villur í fréttum ruv.is

Fimmtudagurinn 23. mars

- „Húllar“ í Hull og nágrenni í sumar - 69 orð (vantar orð í byrjun setningar)

Unnur María Bergsveinsdóttir, sirkuslistamaður og sagnfræðingur, hefur gert samning við breskan sirkusflokk og mun starfa með honum í sumar. Er ein af stofnendum Sirkus Íslands og hefur þar náð undaverðri leikni með húllagjarðir...

- Yfir 6.700 hafa skrifað undir - 112 orð (vantar orð í byrjun málsgreinar)

Hátt í sjö þúsund hafa skrifað undir áskorun á netinu þar sem farið er fram á betri vegasamgöngur á Vestfjörðum. Alls búa um sex þúsund manns í landshlutanum.

Skorað á yfirvöld að standa við þau fyrirheit sem gefin voru fyrir síðustu Alþingiskosningar um vegaframkvæmdir í Gufudalssveit

- Loftslagsbreytingar raska vorkomunni (5x tvöfalt línubil + vantar orð eða kommu)

Vísindamenn segja ljóst að blómstrun, tímgun og farflug hafi færst til. Ástæðan sé lofmengun sem menn losa aðalega koltvísýringur frá bílum og verksmiðjum.

- Helgustaðanáma ofarlega á blaði fáist meira fé (vantar orð)

Umhverfisstofnun muni deila því út í samræmi við forgangsörðun, og í því sambandi sé Helgustaðanáma eitt af þeim svæðum stofnunin hafi áhyggjur af.

- Ríkið þarf ekki að endurgreiða vinnslustöðinni (vitlaus beyging)

Hæstiréttur staðfesti í dag að íslenska ríkið þurfi ekki að endurgreiða Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum rúman hálfan milljarð króna sem það innheimti í formi sérstakt veiðigjalds.

- Leikskóladreng refsað í kulda á Fáskrúðsfirði (vantar staf)

Hann hafi sagst vilja fara út og þá hafi hann verið settur út fyrir glerhurð í stólnum án hlíðarfatnaðar og hurðinni lokað.

- Sökkvandi ísnálar til vandræða í Lagarfljótsfossi (vantar staf)

Um leið og ský hylji himininn eða vatnið leggi hætti grunnstingullinn að myndst og ísinn bráðni úr ristunum.

- Segir gullgrafaraæði í fólksflutningum (vantar staf)

Gullgrafaraæði ríkir í fólksflutningum og rútufyrirtæki og aðrir seilast inn á stafssvið leigubílstjóram, segir talsmaður Bifreiðastjórafélagsins Fylkis.

- Samræmist ekki sjónarmiðum um tjáningarfrelsi (innsláttarvilla) (vantar orð)

Ákvæði Íslands um smánun þjóðarleiðtoga sæmræmist ekki sjónarmiðum um tjáningarfrelsi. Á Íslandi liggi þungar refsingar við því að smána erlenda þjóðarleiðtoga, þær þyngstu sem um getur á öllu ÖSE svæðinu.

Uppfærðar fréttir

- Árekstur á Elliðaárbrúnni - 45 orð (uppfærð frétt)

- Laun bankaráðsmanna Landsbankans hækkuð

Uppfært kl. 14.29

Í upphaflegu útgáfu fréttarinnar kom fram að viðbótarálag vegna setu í undirnefndum bankaráðs hefði hækkað í gær úr 100.000 krónum í 200.000. Hið rétta er að álagið hækkaði úr föstum 100.000 krónum í 100.000 fyrir setu í hverri undirnefnd árið 2015. Heildarupphæð þeirrar þóknunar breyttist því ekki í gær.

Fimmtudagurinn 30. mars

- Nær 11 þúsund fluttu til Íslands í fyrra (vantar staf)

„Tveir af hverjum þremur fluttu til Noregs, Danmerku eða Svíþjóðar.“

- Hver skýlir sér á bak við lundagrímuna (málfar)

Benedikt Jóhannesson, fjármálaráðherra, spurði hver skýlði sér á bak við grímu lundans en fléttan í kringum aðkomu þýsku bankans var einmitt kölluð Puffin eða lundinn, að því er fram kom í skýrslunni.

- Framkvæmdarleyfi Suðurnesjalínu felld úr gildi (málfar)

Ekki var nægjanlega vel kannað hvort jarðstrengur væru raunhæfur kostur.

- Tugmilljóna bakreikningur vegna verðstríðsins (vantar orð)

Vantar "á"

Samkeppniseftirlitið rannsakaði verðstríðið að beiðni Norvik, sem á Krónuna, og lagði 315 milljóna króna sekt ____ Haga.

Uppfærðar fréttir:

- Ákærður fyrir morðið á Birnu Brjánsdóttur

Leiðrétting: Olsen er 30 ára en ekki 25 ára.

- Bara ómerkilegur leppur Ólafs Ólafssonar

Fréttin hefur verið uppfærð. (ATH ekki tekið fram hvað var uppfært)

2. Villur í fréttum mbl.is

Fimmtudagurinn 23. mars

- Tilvalið að þróa hér líftæknilyf: (málfar)

Í einföldu máli má líkja hugtakinu hliðstæðulyfjum við samheitalyf.

- Hafa áhyggjur vegna fjölgunar sjúklinga - 149 orð (málfar)

Stjórn lækna ráð Landspítala segist lýsa yfir áhyggjum af húsnæðismálum Landspítalans og því umhverfi sem starfsfólki og sjúklingum Landspítalans er boðið upp á.

- Óvissuástand í Ólafsfjarðarmúla (málfar)

Lýst hefur verið yfir óvissuástandi í Ólafsfjarðarmúla að sögn lögreglunnar á Siglufirði. Á vef Vegagerðarinnar segir að vegna hlýnandi veðurs sé aukin snjóflóðahætta á Sigurfjarðarvegi og í Ólafsfjarðarmúla.

- Deilt um kynferðisofbeldi í unglingabók (taka út er?) (orði ofaukið)

Unglingabókin, *Villi vampíra*, er sögð fyrir 14 ára og eldri og var skrifuð árið 2007 og er fyrri hluti af tveimur bókum. Seinni hlutinn nefnist er *Eva engill*.

- ***Stöðvuðu Kannabísrækt í Þingahverfi - 108 orð*** (orði ofaukið)

Tvisvar sinnum í tveggja setninga málsgrein sagt, það er, það er.

- ***Holtavörðuheidi lokuð vegna óhapps*** (málfar)

Önnur akreinin er lokuð á hluta af Holtavörðuheidi eftir að vörubíll missti gám af bílnum þar fyrir í morgun. Unnið er að því að koma tækjum á staðinn til að koma gámnum af veginum en mikið rok er á svæðinu.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Blönduósi verður veginum lokað í einhverja stund þegar gámnum verður náð af veginum.

- **Tengsl við stóriðju aðeins eitt atriði** (orði ofaukið) (vantar orð)

73 þúsund manns hafa samþykkt að taka þátt í rannsókninni og sögn Sigurðar Yngva Kristins-sonar, prófessors í blóðsjúkdómum sem fer fyrir rannsókninni en bætist stöðugt í hópinn.

Fimmtudagurinn 30. mars

- **Reykjavík verði að „gyrða sig í brók“** - 231 orð (innsláttarvilla)

„Sagði hann ástæði til þess að hafa áhyggju af stöðunni þar en ljóst væri að áhrif ferðaþjónustunnar á markaðinn væri mikil. Beindi hann spjótum sínum þó sérstaklega að Reykjavíkurborg og sagði að þar þyrftu menn að gyrða sig í brók.“

- ***Kannað verði hvort fleiri hafi brotið af sér - 111 orð (málfar) (innsláttarvilla) (vantar staf)***

„Fram kemur að meðal þess sem ástæða sé talin til að skoða sé hvort fleiri lögreglumenn hafi brotið gegn starfsskyldum sínum með því að tilkynna ekki um málið. Ennfremur að óskað hafi verið eftir því að ríkislögreglustjóri geri úttekt á vinnubrögðum lögreglunnar í kjölfar kærunnar.

Ólafur Þór Hauksson héraðssaksóknari staðfestir í samtali við Ríkisútvarpið að umræddur nagi málsins sé kominn til meðferðar hjá embættinu en vil að öðru leyti ekki tjá sig um málið.“

- **Fara yfir hlutverk nefndarinnar** - 182 orð (orði ofaukið)

„Hvort það eitthvað í þessu máli gefur ástæðu til þess verður bara að koma í ljós,“ segir hann.

- **Verða ekki skráðar foreldrar barnsins** - 412 orð (vantar staf, vantar staf, innsláttarvilla)

Líta yrði svo á að drengurinn væri bandarískur þegn og skráning hans félli því undir ákæði útlendingalaga.

Héraðsdómur vísaði m.a. til þess í ákvörðun sinni að staðgöngumæðrum væri bönnuð með lögum á Íslandi.

gegnst öllum umönnunar- og uppeldissýldum gagnvart honum.

- **Ákærður fyrir að hafa banað Birnu** - 232 orð (innsláttarvilla)

Þetta staðfestir Kolbrún Benediktisdóttir

- **Guðni Th. í pallborðsumræðum með Pútín** - 341 orð (orði ofaukið)

Forsetinn tók einnig þátt í pallborðsumræðum með þeim Vladímír Pútín Rússlandsforseta og Sauli Niinistö, forseta Finnlands, en Geoff Cutmore, fréttamaður hjá CNBC sjónvarpsstöðinni sem stýrði umræðunum.

- **Albert og Katla tóku sæti á þingi** - 105 orð (vitlaus stafur)

Sjálfstæðismaðurinn Albert Guðmundsson og píratinn Katla Hólm Þorhildardóttir tóku sæti á Alþingi í dag.

Fimmtudagurinn 6. apríl

- **Þingið var rosalegt karlaveldi** (vitlaus stafur)

Bessi er sögukennari við Verslunarskóla Íslands og var auðsótt að hlaupa í skarð Brynjars í þennan stutta tíma því að gert hafði verið ráð fyrir því við gerð stundaskrár annarinnar.

- **„Hvar er barnið þitt?“** (málfar)

Sagðist hún hafa alveg hugsað hvort hún ætti að taka fæðingarorlof og sagðist það togast á innra með henni hvað hún ætti að gera

- **Bílgreinasambandið til liðs við SI** (vitlaus stafur)

er haft eftir Özuri Lárussyni, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, í tilkynningu.

- Færði 31 fasteign yfir í önnur félög (vantar staf)

þar sem engin af eignunum hefði getað hrokkið fyrir áhvílandi skulum.

- Fornögur vinsælli hjá erlendum nemendum (málfar)

Þó að Íslendingar beri því við að þeim þyki erfitt að lesa forna málið ættu flest að komast yfir þá hindrun

- Skapar hvorki stöðugleika né velferð (vantar staf) (orði ofaukið)

Fyrirliggjandi stefna ríkisstjórnarinnar þegar það kemur að fjármálstefnu

og

ASÍ tekur einnig fram þá skoðun að barna- og vaxtabótakerfin „sem eru mikilvæg tekjujöfnunartæki, ekki síst fyrir ungt fólk“ séu eru áfram veik og fjölskyldum sem fá stuðning úr þessum kerfum mun að óbreyttu halda áfram að fækka.

- Jón og Jóhannes sestir á Alþingi (orði ofaukið)

Jón Ragnar er hefur starfað sem sjómaður að mestu undanfarin þrjátíu og fimm ár en lærði húsasmíði.

- Bilun í sæstreng til Vestmannaeyja (vantar staf)

Kemur þetta fram í tilkyningu frá Landsneti.

- Hvar er Sóley sem fermdist 10. maí árið 2008? (er ofaukið)

Í umfjöllun um endurbæturnar á Lækjarbrekku í Morgunblaðinu í dag er Sóley sem fermdist 10. maí 2008 er hvött til að hafa samband við veitingahúsi.

- Icelandair bætir ekki týndan síma (vantar staf)

Samgöngustofa rekur sakareglu skaðabótalaga um að það þurfi að liggja fyrir orsakasamband mill tjóns

- Hugmyndir íbúa kannaðar

Ef ákveðið verði að sameina ekki þurfi að huga að fyrirkomulagi verkefna sem nú eru rekin í byggðasamlögum. helgi@mbl.is

- Tillaga um byggð í Geldinganesi var felld

Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að í Geldinganesi sé almennt útvistarsvæði með takmarkaðri mannvirkjagerð sem þjóni útivist á svæðinu. sisi@mbl.is